

Fjölskylduráð Múlapings - 76 (26.6.2023) - Erindi, ræktaraðstaða á Borgarfirði

Málsnúmer : 202306147
Málsaðili : Ungmennafélag Borgarfjarðar
Niðurstaða (stutt) : Samþykkt
Fundardagur : 26.06.2023

Inngangur :

Niðurstaða : Fyrir liggur erindi frá Óttari Kárasyni fyrir hönd UMFB, sem barst í tölvupósti 21. júní 2023, þar sem lýst er yfir áhuga á því að gerð verði varanleg líkamsræktaraðstaða á Borgarfirði.

Fjölskylduráð þakkar erindið og tekur undir að mikilvægt sé að aðstaða til líkamsræktar sé á Borgarfirði. Uppbygging aðstöðu til líkamsræktar er framarlega í fjárfestingaráætlun en skoða þarf, í samráði við framkvæmdasvið, hvort hægt sé að hraða þeim framkvæmdum.

Fjölskylduráð felur starfsmanni að setja sig í samband við fulltrúa á framkvæmdasviði varðandi málið.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.